

Morgunblaðið

SÖNG-LEIKUR

LEGGHLÍFAR OG AXLAPÚÐAR

FYRIR NÝJA KYNSLÖÐ >> 36



SYNGJANDI BÓLSTRARI

GLEYMDI SÉR VIÐ ÚTSAUMINN

SIGURJÓN SJÚSSBERT >> 19



Magnaðar stundir í leikhúsinu

Dagbók Önnu Frank >> 37

Leikhúsin í landinu

STOFNAÐ 1913 | 124. TBL. 96. ÁRG.

MIDVIKUDAGUR 7. MAÍ 2008

LANDSPRENT EHF. | mbl.is



Ljósmynd/Landhelgisgæslan

Á leiðinni Nýtt varðskip verður væntanlega tekið í notkun síðla árs 2009.

Bylting hjá Gæslunni

Þrjú varðskip verði að jafnaði á sjó í einu

Eftir Rúnar Pálmason
runarp@mbl.is

Í NÝRRI landhelgisgæsluáætlun fyrir árin 2008-2010 sem kynnt var í gær eru boðaðar svo umfangsmiklar breytingar á starfsemi Landhelgisgæslunnar að segja má að bylting verði á starfseminni, verði hún að veruleika. Ekki er búið að samþykkja aukin fjárframlög til Gæslunnar en ljóst er að það myndi kosta mörg hundruð milljónir króna að hrinda áætluninni í framkvæmd.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði í gær að auknar siglingar stórra skipa, þ. á m. olíu- og gasskipa um norð-urslóðir væru helsta ástæðan fyrir því að efla þyrfti Landhelgisgæsluna.

Samkvæmt áætluninni á að auka á úthald varðskipanna verulega. Á næsta ári er ætlunin að tvö varðskip verði að jafnaði á sjó í einu, hvort staðsett í sínum landshluta. Frá og með 2010, eftir að nýtt varðskipið verður tekið í notkun verði þrjú varðskip að jafnaði á sjó í einu.

Á Ægi og Tý eru 18 manns í áhöfn í hverri siglingu en vegna fría þarf í heild 27 manns í áhöfn hvors skips. Til að hægt sé að auka úthaldið þarf að skipta áhöfnunum út. Þurfa 36 manns að vera í áhöfn hvors skips. Þetta er 33% fjölgun frá árinu 2007. Frá og með árinu 2010 verða því tvöfalt fleiri í áhöfn varðskipanna en eru nú; 108 skipverjar í stað 54, þegar áhöfn nýja skipisins er talin með. Aukinn rekstrarkostnaður skipastólsins gæti numið 250 milljónum. Í heild myndi starfsmönnum Gæslunnar fjölga úr um 170 í allt að 250.

Ratsjárstöðvar í landi

Aukið úthald varðskipanna er aðeins einn liður í auknu eftirliti og björgunarþjónustu. Markmið Gæslunnar er að innan tveggja ára ráði hún yfir búnaði og upplýsingum til að fylgjast með allri skipaumferð við Ísland. Í þeim tilgangi verður m.a. unnið að því að koma upp ratsjárstöðvum í landi sem munu fylgjast með skipaumferð á helstu siglingaleiðum. Jafnframt verður unnið að því að öll skip, íslensk sem erlend, sem hafa leyfi til afhafna innan efnahagslögsögu Íslands verði í sjálfvirkri tilkynningaskýldukerfi fyrir árslok 2009.

Sjófarendur verða áþreifanlega varir við þessa uppbyggingu Gæslunnar – enda er það tilgangurinn – því auka á skynðiskodanir um borð í skipum þannig að árið 2010 verði farið um borð í 10% íslenskra skipa sem stunda veiðar á Íslandsmiðum og jafnframt um borð í 10% erlendra skipa sem eiga leið um efnahagslögsöguna. | 8

Óttast að 60.000 manns hafi farist í Búrma

Eftir Boga Þór Arason
bogi@mbl.is

YFIR 22.000 manns fórust í fellibylnum í Búrma og 41.000 manns er enn saknað fimm dögum eftir að óveðrið gekk yfir suðurströnd landsins. Embættismenn Sameinuðu þjóðanna sögðu í gær að allt að milljón manna kynni að vera heimilislaus.

Mjög erfitt er að koma hjálpargögnum til bæja sem urðu verst úti þar sem vegir eru ónýtir og stór svæði undir vatni. Starfsmenn hjálparstofnana segja að ástandið á hamfarasvæðunum sé skelfilegt og lík liggi eins og hráviði á hrísgrjónaókrum. Fólk, sem lifði óveðrið af, hefur verið matar- og vatnslaust í fimm daga.

Óttast farsóttir

Óttast er að margir þeirra, sem komust lífs af, deyi úr hungri, vösbúð eða af völdum farsóttá sem geta blossað upp vegna skorts á hreinu drykkjarvatni. „Við óttumst mest að eftirköstin verði mannskæðari en fellibylurinn sjálfur“, sagði Caryl Stern, formaður landsnefndar Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) í Bandaríkjunum.

Richard Horsey, talsmaður stofnunar sem samhefir hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna, sagði að mjög erfitt yrði að flytja hjálpargögn á hamfarasvæðin og nota þyrfti þyrflur og báta til að koma þeim til afskekktustu svæðanna.



Reuters

Vatnsskortur íbúar Yangon þvo sér og sækja vatn á götu í borginni. Mikill vatnsskortur er í Yangon og nær öll borgin er án rafmagns. A.m.k. 670 manns fórust í óveðrinu í Yangon en tugir þúsunda við strönd landsins.

„Við höfum mestar áhyggjur af sjúkdómum sem berast með vatni“, sagði hann. „Þess vegna er mjög áriðandi að sjá fólkinu fyrir hreinu vatni. Síðan koma moskítónetin, eldunaráhöldin og fötin næstu dagana. Matvælin hafa

ekki forgang í neyðaraðstöðinni, heldur vatn og skjól.“

Íbúar Búrma eru um 57 milljónir og tæpur fjórðungur þeirra býr á hamfarasvæðunum. Um 95% íbúðarhúsanna í Bogalay, 190.000 manna borg, skuluðust burt í 3,5 metra hárrí flóðbylgu og flestir íbúanna eru heimilislausir.

George W. Bush Bandaríkjaforseti bauðst til að senda bandarísk herskip til að aðstoða við hjálparstarfið. Herforingjastjórnin hefur sagt að hún sé tilbúin til að þiggja alþjóðlega aðstoð en semja þurfi um hana. Starfsmenn hjálparstofnana bíða enn eftir vegabréfsáritunum til að geta farið til Búrma.

Þriðja olúkreppan hafin

Olútunnan gæti farið í 150-200 dali

„Það virðist vera að þessi yaxandi titringur í kringum Íran og óróleiki milli Bandaríkjamanna og Írana hafi valdið því að menn eru farnir að tala um það að olíuverðið muni hækka. Það virðast ekki vera nein takmörk á þessari veikingu á dollaranum. Menn hamra alltaf stöðugt á því að það sé hún sem sé drifkrafturinn að baki þessu háa olíuverði núna“, segir Magnús Ásgeirsson, innkaupstjóri eldsneytis hjá N1, um horfurnar um olíuverðið.

Olíuverðið hefur farið stöðugt hækkandi á síðustu miss-erum og fullyrðir Mamdouh G. Salameh, sérfræðingur hjá Alþjóðabankanum, að þriðja olúkreppan sé þegar hafin og að ólíkt þeim fyrri sé ástæðan nú fyrst og fremst stóraukin eftirspurn. Búast megi við því að verðið á tunnna af hráolíu muni hækka í 150 dali næstu miss-erin.

Heimsvinnslan á olíu hafi



Reuters

Auðlind Eftirspurn eftir olíu hefur aukist mikið undanfarið.

þegar náð hámarki árið 2004 og ljóst að nýir olíufundir muni engu um það breyta. Heimsbirgðirnar á olíu séu stórlega ofmetnar og verðið muni því haldast hátt um alla framtíð.

„Við erum fyrst og fremst að horfa á þetta frá degi til dags og auðvitað spyrjum við okkur: Hvar endar þetta? Það er verið að spá því núna að það verði samdráttur á birgðum bensins í Bandaríkjunum. Það er slæmt“, segir Magnús Ásgeirsson. | 9

Söluferlinu lokið

BORGARSTJÓRN samþykkti á fundi sínum í gærkvöldi að gengið yrði að kaupboði Novators í Fríkirkjuveg 11. „Þetta hefur verið langt, strangt og skringilegt ferli“, sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar, og fagnaði því að ferlinu væri loksins lokið.

Í breytingartillögu sem Ólafur F. Magnússon, borgarstjóri, lagði fram og samþykkt var á fundinum kemur fram að ekki verði aðrar breytingar gerðar á Hallargarðinum en þær er lúta að aðkomutorgi sunnan við húsið til að bæta aðgengi almennings. Engar breytingar verði gerðar á garðinum sjálfum. Almennangi verði einnig tryggt óskert aðgengi að garðinum. | 11

